

# Séreign LSR

Morsárdalur

## Ávöxtun og markaðir

Nafnávöxtun Leiðar I á árinu 2012 var 11,8% sem svarar til 6,9% hreinnar raunávöxtunar. Leið II hækkaði um 12,6% að nafnvirði sem jafngildir 7,6% hreinni raunávöxtun. Nafnávöxtun Leiðar III var 6,7% á tímabilinu sem samsvarar 2,1% hreinni raunávöxtun á ársgrundvelli.

Hækkunir á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum eru ein af ástæðum góðrar ávöxtunar hjá Leiðum I og II. Heimsvísitala hlutabréfa, MSCI, hækkaði um 15,8% í dollurum talið á árinu en vegna veikingar krónunnar hækkaði vísitalan um 21,5%, reiknað í krónum. Innlendum hlutabréfamarkaður tók jafnframt vel við sér á árinu eftir lækkunir síðasta árs. Miklar hækkunir voru á fyrri hluta ársins en yfir árið hækkaði íslenska úrvalsvísitalan, OMXI6, um 17,2%, samanborið við 2,6% lækkun á árinu 2011. Í lok árs 2012

var hlutfall innlendra og erlendra hlutabréfa í Leið I um 37% og í Leið II um 32%.

Hækkun varð á gengi innlendra skuldbréfa á árinu 2012 þrátt fyrir töluverðar sveiflur á ávöxtunarkröfu ríkis- og íbúðabréfa innan ársins. Ávöxtunarkrafa stystu flokka verðtryggðra íbúðabréfa hækkaði töluvert á árinu en krafa lengri flokkanna var stöðugri yfir árið. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa var í hækkunarferli framan af ári sem helst má rekja til ótta fjárfesta við frekari stýrivaxtahækkunir Seðlabankans og aukins verðbólguóttu í efnahagskerfinu. Viðsnúningur varð á ávöxtunarkröfunni á seinni hluta ársins sem skýra má af viðvarandi eftirspurn eftir skuldabréfum. Skuldabréfavisitala Gamma, sem tekur til allra ríkis- og íbúðabréfa, hækkaði um 6,6% að nafnvirði á árinu.

### Tímabundin lækkun á iðgjaldi í séreignarlífeyrissparnað – úr 4% í 2%

Frá 1. janúar 2011 lækkaði frádráttarbært iðgjald launþega í séreignarlífeyrissparnað úr 4% í 2% af heildarlaunum. Þessi lækkun er tímabundin og á að gilda út árið 2014.

Breytingin hefur ekki áhrif á móttframlag launagreiðanda og séreignarsparnaður er eftir sem áður mikilvægur þáttur í lífeyrissparnaði hvers launþega.

### Aukin úttekt á séreignarsparnaði – framlengt til 31.12.2013

Heimild til úttektar á séreignarsparnaði hefur verið aukin að nýju. Inneign sjóðfélaga miðast nú við 1. janúar 2012. Hámarksúttekt er kr. 6.250.000, úttektartímabil er allt að 15 mánuðir og er þá hámarksfjárhæð á mánuði kr. 416.667. Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til 31. desember 2013. Nánari upplýsingar fást á vefsíðu LSR; [www.lsr.is](http://www.lsr.is).

### Ávöxtun og eignir

	Nafn- ávöxtun	Hrein raunávöxtun	Eignir (m. kr.)
Leið I	11,8%	6,9%	4.788,1
Leið II	12,6%	7,6%	916,9
Leið III	6,7%	2,1%	4.464,5
Samtals			10.169,5

### Fjárfestingarstefna

Erlend verðbréf	Innlend hlutabréf	Innlend skuldabréf	Aðrar fjárfestingar	Innláns- reikningur	Sveiflur í ávöxtun	Aldur í Sér-leið
34,5%	10%	49%	1,6%	4,9%	meiri sveiflur	54 ára og yngri
24,5%	6%	63%	1,6%	4,9%	minni sveiflur	54 ára og yngri
				100%	lágmarkssveiflur	55 ára og eldri

## Fjárfestingarstefna

	Leið I	Frávik		Leið II	Frávik		Leið III
	Stefna			Stefna			Stefna
<b>Innlán</b>	<b>4,9%</b>	<b>0%</b>	<b>20%</b>	<b>4,9%</b>	<b>0%</b>	<b>20%</b>	<b>100%</b>
<b>Skuldabréf</b>	<b>50%</b>	<b>20%</b>	<b>70%</b>	<b>64%</b>	<b>20%</b>	<b>90%</b>	
Ríkistryggð bréf	35%	10%	60%	50%	20%	70%	
Önnur innlend skuldabréf	14%	0%	30%	13%	0%	30%	
Erlend skuldabréf	1%	0%	5%	1%	0%	10%	
<b>Hlutabréf</b>	<b>40%</b>	<b>25%</b>	<b>60%</b>	<b>26%</b>	<b>0%</b>	<b>40%</b>	
Innlend hlutabréf	10%	0%	15%	6%	0%	15%	
Erlend hlutabréf	30%	25%	45%	20%	0%	30%	
<b>Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu</b>	<b>5%</b>	<b>0%</b>	<b>10%</b>	<b>5%</b>	<b>0%</b>	<b>10%</b>	
<b>Kaup og rekstur íbúðarhúsnæðis</b>	<b>0,1%</b>	<b>0%</b>	<b>3%</b>	<b>0,1%</b>	<b>0%</b>	<b>3%</b>	

## Ávöxtun


Fjárfestingarleið	2012	2011	2010	2009	2008	sl. 5 ár <sup>1</sup>
Leið I	11,8%	6,7%	12,9%	18,6%	-15,8%	6,1%
Leið II	12,6%	7,8%	14,2%	14,3%	-4,4%	8,7%
Leið III	6,7%	8,1%	6,2%	14,3%	25,8%	12,0%

<sup>1</sup> Nafnávöxtun á ársgrundvelli

## Eignasamsetning 31.12.2012


### Eignasamsetning Leiðar I

- Innlend skuldabréf
- Innlend hlutabréf
- Erlend hlutabréf
- Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu
- Innlán




### Eignasamsetning Leiðar II

- Innlend skuldabréf
- Innlend hlutabréf
- Erlend hlutabréf
- Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu
- Innlán



## Gengisþróun ársins 2012



# LSR

Lífeyrissjóður  
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11  
105 Reykjavík  
Sími: 510 6100  
Fax: 510 6150  
lsr@lsr.is